



Umsókn um styrk

Umsækjandi:

Nafn:	Ragnhildur Ágústsdóttir	Kennitala:	2705815799
Netfang:	ragagu@gmail.com	Sími:	6151505
Styrkur:	Meningarstyrkur		

Forrsvarsmaður:

Nafn:	Ragnhildur Ágústsdóttir	Kennitala:	2705815799
Netfang:	ragagu@gmail.com	Sími:	6151505

Tilfni umsóknar, stutt lýsing:

Í upphafi árs (2013) var stofnað styrkarfélag einhverfra barna en markmið verkefnisins er að byggja upp öflugt styrktarfélag sem sinnir brýnum málefnum sem snúa að einhverfum börnum. Hugmyndin er að setja upp öfluga heimasíðu og sjálfbóðaliðsnefni til að vinna að málefnum (með Líf styrktarfélag sem eins konar fyrirmynd). Núverandi markmið stofnenda er tvíþætt: 1) Að stuðla að því að biðtími barna við að komast að í greiningarferli á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins styttest til muna þar sem gríðarlega miklu máli skiptir fyrir börn með einhverfu að greinast sem allra fyrst og fá viðeigandi aðstoð. Er oft talað um að börn sem greinist og byrji í viðeigandi þjálfun fyrir 3ja ára aldur taki mun meiri framförum og séu mun líklegri til að halda í við jafnaldra sína en þau börn sem greinast síðar - einkum ef börn eru orðin eldri en 5 ára þegar slík aðstoð hefst. Þetta er því lykilatriði. 2) Að foreldrar barna sem greind eru á einhverfurófi fái sálfræðiaðstoð sem hluta af greiningarferlinu. Ástæðan felst fyrst og fremst í því hversu mikið áfall þetta getur verið fyrir foreldrana sem getur verið afar erfitt að vinna úr. Tímabundið þunglyndi er algengt meðal foreldra barna sem nýlega hafa greinst með einhverfu og á meðan á því tímabili stendur hafa rannsóknir sýnt að foreldrar eigi oft erfitt um vik að hugsa um börn sín eins vel og ella. Þetta er því heilmikið baráttumál fyrir einhverf börn því þau eiga skilið að foreldrar þeirra séu í eins góðu ástandi og unnt er til að sinna þeim - sem getur oft á tíðum verið mjög krefjandi, ekki síst ef sálarástandið er ekki upp á marga fiska. Hugmyndin er að koma félaginu í starfhæft form á nokkrum vikum. Í kjölfarið mun samvinnutímabil með Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, ásamt ráðherra málaflokksins og fleiri aðilum, taka við en vinna þarf náð með þeim svo tilætlaður árangur náist. Vonast er til þess að heimasíða félagsins og meginstarfsemi verði komin á fullt fyrir upphaf sumars en þá er þess vænst að öflugt söfnunarstarf taki við sem ná hámarki í Reykjavíkumaraþoninu. Allt verður þetta unnið í sjálfbóðastarfi en nauðsynlegt er að nýta eitthvað fjármagn við stofnun heimasíðu og kaupum á léni sem og til að kynna styrktarfélagið. Við vonumst því til að fá styrktarupphæð til að aðstoða okkur við þennan hluta verkefnisins sem við vonumst til að muni lífa um ókomna framtíð enda málaflokkur sem nær stöðugt aukinni athygli almennings og skiptir æ meira máli í þjóðfélaginu. Við viljum taka fram að styrkurinn mun eingöngu vera notaður til að bera kostnaðarliði verkefnisins (ég endurtek að öll vinna er unnin í sjálfbóðastarfi). Ef kostnaðaráætlun reynist ofmetin mun mismunurinn renna beint í styrktarsjóðinn og til þeirra málefna sem hann vinnur að.

Upplýsingar um styrk:

Styrkupphæð:	190.000
Kostnaðaráætlun:	190.000
Fylgir kostnaðaráætlun:	Nei
Áður sótt um:	Nei
Var styrkur veittur:	Nei

Heiti verkefnis: **Styrktarsjóður einhverfra barna**

Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til:

Umfang verkefnis:

Verkefnið verður aðeins eins stórt og þeir sem koma að því eru reiðubúnir að leggja vinnu sína í það. Þeir kostnaðarliðir sem um ræðir er gerð heimasíðu og kostnaður henni tengdri. Einu fjármunirnir sem koma frá öðrum aðilum eru styrkir sem munu þá renna beint í sjóðinn og ekki vera aðgengilegir til útgreiðslu til annars en þeirra málefna sem sjóðurinn vinnur að.

Tekjur/aðgangseyrir: 0

Aðrar upplýsingar:

Fylgiskjöl:

attachments